

Reglur um úthlutun almennra styrkja menntaráðs Reykjavíkur

1. Markmið með styrkjum menntaráðs er að styrkja ýmis verkefni og starfsemi sem á einn eða annan hátt styður við eða stuðlar að bættu skólastarfi í Reykjavík.
2. Menntaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær til styrkveitinga. Í henni eiga sæti þrjár fulltrúar frá leikskólaskrifstofu og grunnskólaskrifstofu Menntasviðs, fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur, fulltrúi Félags leikskólakennara, fulltrúi leikskólastjóra, fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur og tveir fulltrúar frá kennaramenntunarstofnunum. Nefndin gerir tillögur til menntaráðs um hvaða verkefni fá styrk og styrkupphæð.
3. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Menntasviðs Reykjavíkur.
4. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem settar eru í starfsáætlun fræðslumála ár hvert. Styrkir eru ekki veittir til verkefna sem teljast til verkefna ríkissjóðs, s.s. til námsefnisgerðar í grunnskólum né verkefna sem ætla má að rúmist innan hefðbundins skólastarfs.
5. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. október ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstökum eyðublöðum sem er að finna á <http://www.reykjavik.is/styrkir>.
6. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins og d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skólastarf. Úthlutunarnefnd leitar álits sérfræðinga ef hún telur þörf á.
7. Menntaráð fjallar um tillögur úthlutunarnefndar og úthlutar styrkjum í desember ár hvert.
8. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að: a) Helmingur af styrkupphæð greiðist fyrir júnílok ár hvert. Ef sú upphæð er lægri en 500.000 kr. má greiða hana í einni greiðslu en annars skal jafna upphæðinni á 2-6 mánuði. b) Seinni helmingur styrkupphæðarinnar greiðist fyrir lok ársins. Ef sú upphæð er lægri en 500.000 kr. má greiða hana í einni greiðslu en annars skal jafna upphæðinni á 2-6 mánuði.
9. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir menntaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðið reikningsár.
10. Þeir aðilar sem fá úthlutað styrk skulu skila skýrslu til aðalskrifstofu Menntasviðs Reykjavíkurborgar áður en síðari greiðsla fer fram.
11. Menntarsvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín.